

Fréttir og upplýsingar frá Álftanesskóla. Sent á foreldra og forráðamenn nemenda í Álftanesskóla.

Sérðu ekki fréttabréfið?  
[Kíktu á hann í vefskoðara](#)



## Fuglafit

### Fréttabréf Álftanesskóla

# Kæru foreldrar

Ágætu foreldrar/forráðamenn nemenda Álftanesskóla.



Nú líður á vorönn skólaársins 2013-2014 þar sem ýmislegt hefur á daga okkar drifið. Nemendaping Álftanesskóla fór fram í fyrsta skipti 7. febrúar. Nemendur úr 8.-10. bekk sem eru í félagsmálavali skólans skipulögðu, settu upp og stjórnðu vinnuhópum/samræðuhópum á þessu fyrsta nemendapingi

okkar undir verkstjórn Hjördísar J. Gísladóttur kennara síns. Þingið var haldið í íþróttahúsinu og tóku allir nemendur í 5.-10. bekk þátt í því og tókst þingið mjög vel og var nemendum skólans til mikils sóma.

Nýafstaðið vetrarleyfi sem stóð í 9 daga samfelt fyrir nemendur hefur vonandi nýst ykkur öllum vel. Um 15 börn í 1.- 4. bekk skólans nýttu sér vistunartilboð í Frístund - tómsundaheimili Álftanesskóla þessa daga.

Nemendur í 7. bekk og umsjónarkennarar þeirra dvelja vikuna 24.-28. febrúar á Skólabúðunum að Reykjum í Hrótafirði. Ferð 9. bekkjar í Ungmennabúðir að Laugum í Reykjadal er áætluð 28.-30. apríl.

Framundan eru svo venjubundin vorverk s.s. Ung-listaleikar þar sem þemað er ritlist, námsviðtöl nemenda með foreldrum 17. mars, árshátiðir árganga, páksleyfi og fleira.

Með samstarfskveðju  
Sveinbjörn Markús Njálsson  
skólastjóri

## Ung-ritlistadagar 3. - 5. mars

Þá daga ætlum við aðeins að brjóta upp hefðbundna kennslu. Nemendur koma til með að vinna saman tveir og tveir þar sem afraksturinn verður bók. Unnið verður í vinapörum eins og við gerðum í haust í kringum „Kærleikana“ en núna tökum við skrefið aðeins lengra þannig að nemendur vinna saman, nærast og hreyfa sig saman.

Á mánudag verður um að ræða hefðbundinn kennsludag, þó með þeim fyrirvara að 8.-10. bekkur mætir kl. 9:00 og er til kl. 13:00 og þá taka við valgreinar. Á þriðjudag og

miðvikudag/öskudag hefst vinnan kl. 9:00 og stendur fram að hádegismat.  
Hér má sjá nokkur dæmi um bækur sem gætu komið út úr verkefni.



## Öskudagur miðvikudaginn 5. mars



Nemendur mæta kl. 9:00 og verða til hádegis, það er að sjálfsögðu mataráskrift eins og venjulega. Skólinn opnar kl. 7:45 að venju og geta þeir nemendur sem þurfa að koma fyrir kl. 9:00 mætt á bókasafn skólans. Vinapörin klára frágang á sinni bók/verkefni og nemendur í 1.- 6. bekk fara í íþróttahús þar sem „Kötturinn verður

sleginn úr tunnunni“.

Fyrirhuguð er skemmtun seinnipartinn í íþróttahúsi í umsjón foreldra og nemenda í 10. bekk, starfsmanna félagsmiðstöðvarinnar Elftunnar. Nánar auglýst síðar.

## Nám sviðtöl mánudaginn 17. mars

Mánudaginn 17. mars eru nám sviðtöl. Þá mæta nemendur með foreldrum/forráðamönnum og ræða framvindu náms við umsjónarkennara.

Umsjónarkennarar koma til með að senda til foreldra tímasetningar á nám sviðtölum.

Hér er um að ræða smá breytingu frá áður útsendu skóladagatali.

*Höfundaréttur © 2014 Álftanesskóli, Allur réttur áskilinn.*

[Afskrá mig af þessum póstlista](#) [Uppfæra upplýsingar um mig](#)

MailChimp